



## Aðalfundur UMF Stjörnunnar

haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 17:30

### FUNDARGERÐ

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður aðalstjórnar Stjörnunnar setti fundinn.
- Eysteinn Haraldsson var kosinn fundarstjóri og Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir fundarritari.
- Fundarstjóri kynnti dagskrá fundar og að boðað hefði verið til hans með lögmætum hætti.
- Fyrir fundinum lá skýrsla aðalstjórnar og deilda félagsins auk endurskoðaðra reikninga ársins 2013.

#### 1. Skýrsla aðalstjórnar

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður aðalstjórnar Stjörnunnar kynnti skýrslu aðalstjórnar. Þar kynnir hann sérstaklega skipulagsbreytingar sem hafa verið í yfirstjórn Stjörnunnar. Nýr framkvæmdastjóri Jóhannes sérstaklega boðin velkomin og þakkar fráfarandi framkvæmdarstjóra Páli Grétarssyni fyrir vel unnin störf.

#### 2. Kynning á ársreikning félagsins

Þorsteinn Þorbergsson, gjaldkeri aðalstjórnar Stjörnunnar kynnti ársreikning félagsins. Gjaldkeri kynnir hagnað ársins 2013 sem er 4.7 m.kr og aukningu á tekjum félagsins um 100 m.kr á s.l. tveimur árum. Þróunin á afkomu félagsins er jákvæð, og er verið að vinna áfram að því að eigið fé aðalstjórnar sé jafnt og bókfært virði á Stjörnuheimilinu sem er 28. mkr.

Einu deildir félagsins sem eru að skila tapi eru fimleikadeildin og körfuboltadeild karla og verður unnið að því með þeim deildum að laga til rekstur á þessu ári.

Endurskoðendur hafa áritað reikninginn, og er hann í samræmi við lög ársreikninga

#### 3. Veitingar og afhending viðurkenningar

Eftir kynningu á ársreikningum var gert hlé þar sem boðið var upp á veitingar og viðurkenningar veittar.

Jóhannes framkvæmdastjóri félagsins kynnti viðurkenningar ársins 2013.

Eftirtaldir hlutu viðurkenningar:



## Íþróttamaður Stjórnunnar

**Harpa Þorsteinsdóttir** er íþróttamaður Stjórnunnar 2013.

Harpa er lykilleikmaður í sigursælu knattspyrnuliði Stjórnunnar. Hún átti stóran þátt í yfirburðasigri liðsins í Pepsi deildinni. Hún skoraði 28 mörk og lagði upp 14 og átti þar með beinan þátt í 42 af þeim 69 mörkum sem liðið skorði í deildinni.

Harpa lék sinn fyrsta leik með meistaraflokki Stjórnunnar árið 2002 þá 16 ára gömul. Hún hefur til dagsins í dag leikið 151 leik með liðinu og skorað 98 mörk.

Þá hefur hún leikið 40 A landsleiki fyrir Ísland og skorað í þeim 6 mörk. Einnig 20 leiki með yngri landsliðum og skorað í þeim 5 mörk.

Harpa Þorsteinsdóttir er var kjörin íþróttakona Garðabæjar 2013.

Harpa Þorsteinsdóttir mun bera nafnbótina íþróttamaður Stjórnunnar með sóma.

## Þjálfari ársins

**Þorlákur Már Árnason** er útnefndur þjálfari ársins 2013

Þorlákur er nú fyrstur þjálfara Stjórnunnar til að hljóta þessa nafnbót í þriðja sinn. Það er kannski ekki skrítið þegar litið er til þess hvílíkur hvalreki Láki var fyrir félagið. Hann færði barna- og unglíngastarf knattspyrnudeildar Stjórnunnar á næsta ef ekki þarnaesta stig og tók í framhaldinu við þjálfun meistaraflokks kvenna með þeim árangri sem ólíklegt er að verði leikinn eftir. Auk þess að fá viðurkenningu sem þjálfari ársin fær Láki einnig sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir framlag sitt til knattspyrnunnar í Stjórnunni.

## Deild ársins

**Knattspyrnudeild Stjórnunnar** fær nafnbótin deild ársins 2013. Meistaraflokkur kvenna varð Íslandsmeistari með 54 stig, eða fullt hús. Meistaraflokkur karla náði þeim frábæra árangri að tryggja sér sæti í Evrópukeppni í fyrsta sinn í sögu félagsins. Barna- og unglíngastarf deildarinnar er í miklum blóma og titlar í yngri flokkum í knattspyrnu eru orðnir árvissir eins og fjölgun iðkenda. Þá var rekstur deildarinnar í jafnvægi á árinu 2013.

## Félagsmálaskjöldur UMF Stjórnunnar

**Sigrún Dan Róbertsdóttir** hlýtur félagsmálaskjöld Stjórnunnar 2013.

Sigrún hefur um langt árabil verið forystu fimleikadeildar Stjórnunnar. Hún var lengi gjaldkeri og síðar formaður deildarinnar á miklum uppgangs og álagstímum. Þá átti Sigrún sæti í aðalstjórn Stjórnunnar í nokkur ár.



## Sérstök viðurkenning

**Elín Birna Guðmundsdóttir og Ólafur Ágúst Gíslason** fá sérstaka viðurkenningu fyrir áratuga forystu og uppbygginu almenningsíþrótta í Stjörnunni.

**Starfsmerki** hlutu eftirtaldir:

### **Fimleikadeild**

Ágústa Jóhannesdóttir  
Hanna Lóa Friðjónsdóttir

### **Handknattleiksdeild**

Hörður Hrafnald  
Unnur B Johnsen

### **Knattspyrnudeild**

Guðrún Elva Tryggvadóttir  
Konráð Sigurðsson  
Kristinn Ingi Lárusson  
Magnús Viðar Heimisson  
Sæmundur Friðjónsson

### **Körfuknattleiksdeild**

Guðrún Kolbeinsdóttir

### **Aðalstjórn**

Viðar Erlingsson  
Victor Ingi Olsen

**SILFURSTJÖRNU** hlutu eftirtaldir:

### **Handknattleiksdeild**

Bogi Thorarensen  
Eyjólfur Ingimarsson  
Guðmundur Thorarensen  
Guðni Björnsson  
Herdís Sigurbergisdóttir  
Magnús Karl Daníelsson  
Magnús Magnússon  
Ragnheiður Stephensen  
Vilhjálmur Bjarnason

### **Knattspyrnudeild**

Lúðvík Örn Steinarsson  
Sigurður Guðmundsson

### **Körfuknattleiksdeild**

Anna Margrét Halldórsdóttir  
Hilmar Júlíusson  
Kristín Anna Ólafsdóttir

### **Sunddeild**

Hannes Árnason

### **Aðalstjórn**

Ragnheiður Traustadóttir  
Sigurður Bjarnason  
Þorsteinn Þorbergsson



## **Gullstjörnu Stjörnunnar fékk:**

Páll Grétarsson sem hefur komið að íþróttastarfi í Garðabæ í fjölda ára. Páll var framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Stjörnunnar frá árinu 1992-1995 og framkvæmdastjóri félagsins alls frá 1995 til 1997. Hann tók aftur við starfi framkvæmdastjóra Stjörnunnar árið 2004 og gegnti því starfi í 10 ár.

Ungmennafélagið Stjarnan vill veita Páli Gullstjörnu og þakka honum um leið frábært og óeigingjarnt starf fyrir félagið.

## **HEIÐURSFÉLAGAR**

Æðsta heiðursviðurkenning sem félagar í Stjörninni geta hlotið er GULLSTJARNNA með lárviðarsveig. Þeir sem þessa viðurkenningu hljóta verða heiðursfélagar Stjörnunnar.

Í dag heiðrum við tvo aðila og veitum þeim GULLSTJÖRNU með lárviðarsveig. Þetta eru þeir Benedikt Sveinsson og Erling Ásgeirsson.

Báðir eiga þeir Benedikt og Erling það sameiginlegt að hafa unnið gríðarlegt starf fyrir knattspyrnudeild Stjörnunnar á uppgangstímum deildarinnar á níunda áratug síðustu aldar.

Þeir hafa báðir með störfum sínum í bæjarstjórn Garðabæjar staðið vörð um hagsmuni Stjörnunnar og unnið félaginu ómetnanlegt gagn á þeim vettvangi.

Þá hafa þeir um áratuga skeið verið með ötulustu stuðningsmönnum félagsins og lagt því lið á ýmsan hátt.

Það er Ungmennafélaginu Stjörninni mikilvægara en nokkuð annað að eiga í sínum röðum fólk sem er tilbúið til að leggja félaginu lið, hvort heldur er, með beinu vinnuframlagi í stjórnnum félagsins og deilda þess og öðru starfi í grasrótinni, eða með því að beita áhrifum sínum í þágu félagsins, til öflunar stuðnings bæði opinberra aðila og einkaaðila. Þar hafa þeir Benedikt og Erling báðir komið sterkir inn undanfarna þrjá áratugi.

## **4. Umræða um skýrslur stjórna og reikninga**

Að lokninni veitingu viðurkenninga var aðalfundinum fram haldið og opnað fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

María Grétarsdóttir kemur með fyrirspurn varðandi reikninga. Spyr af hverju áætlun er ekki lögð fram samhliða reikningum til samanburðar, minnst þess að það hafi verið samþykkt á síðasta ársfundi að það yrði gert þannig. Spyr einnig af hverju hækkun á tekjum sé svo mikil, lýsir yfir áhyggjum að fjölskyldur í bænum séu komnar að þolmörkum varðandi greiðslubyrði við að senda börn sín í íþróttir. Vill að Stjarnan komi á móts við barnafjölskyldur og að styðja við að börn geti æft fleiri en eina í þrótt.



Óskar eftir skýringu á veltufjármunum og skammtímaskuldum sem hafa hækkað?

Gjaldkeri svarar fyrirspurn Maríu Grétarsdóttur,

Í fyrsta lagi svarar hann áætlunargerð deilda Stjórnunnar, við höfum ekki náð enþá náð þeim áfanga að skila ársreikninum með áætlunni líka. Staða fjármálastjóra er liður í því að ná þeim markmiðum og munum við stefna að því í fjögurra mánaða uppgjöri félagsins. Í framhaldi af því er stefnt að skila árinu 2014 með áætlun og uppgjöri til samanburðar.

Ástæður hækkunar á tekjum er aukning á æfingargjöldum, félagið hefur stækkað og aukið framboð á tímum sem eykur tekjur.

Svar við spurning um þróun í skammtímaskuldun, á hverjum tíma sýnir reikningurinn stöðu milli ára. Stór hluti af þessu er launin sem er greidd eftirá, þurftum að fá fyrirgreiðslu um áramót.

Fundarstjóri bar þá reikninga ársins 2013 upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

## **5. Stjórnarkjör**

Eftirtaldir vorur kjörnir til stjórnar setu í aðalstjórn félagsins.

### **Formaður:**

Jóhann Steinar Ingimundarson

### **Stjórnarmenn:**

Sigurður Bjarnason

Þorsteinn Þorbergsson

Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir

Viðar Erlingsson

### **Varastjórn**

Viktor Ingi Olsen

Ragnheiður Traustadóttir

## **6. Kjörinn endurskoðandi félagsins:**

Ómar Kristjánsson löggiltur endurskoðandi og Guðni Þór Gunnarsson varaendurskoðandi



## 7. Lagabreyting

Lögð var fram lagabreyting:

Við bætist ný 20. gr. og töluliður síðari greina breytist til samræmis.

20. gr.

- a) Félagið skal setja á aðalfundi eða almennum félagsfundi reglur um úthlutun úr afrekssjóði sem kallast stofnskrá afrekssjóðs.
- b) Aðalstjórn skal setja sérstaka reglugerð um úthlutun úr afrekssjóði sem byggir á stofnskrá afrekssjóðs.

*Sjá afrit af lagabreytingu og skipulagsskrá aftast í fundagerðinni.*

## 8. Önnur mál

Jóhann Steinar Ingimundarson

Byrjaði á að þakka fyrir hönd nýkjörinnar aðalstjórnar auðsýnt traust.

Í kjölfar lagabreytingar var lögð fram stofnskrá afrekssjóðs og lagt til við aðalfund að hún yrði samþykkt.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og lagði stofnskrá afrekssjóðs fram til samþykktar. Fundurinn samþykkti samhljóða stofnskrá afrekssjóðs.

### Opin mælendaskrá

- Anna Möller tekur til máls sem formaður kvannahlaupsnefndar. Kvannahlaupið er 25 ára á þessu ári og hafa margar nefndarkonur setið í nefndinni til fjölda ára allt frá 5 til 25 ára. Ljóst er að einhverjar munu hætta eftir næsta hlaup og hvetur hún allar deildir til að leita að nýjum aðilum, konum jafnt sem körlum til að bjóða sig fram til nefndarstarfa. Anna óskar síðan félagnu velfarðanar í öllu sem félagið tekur sér fyrir hendur.
- Gunnar Einarsson bæjarstjóri tekur til máls byrjar á því að leggja til að Snorri Olsen, Sigurður Bjarnason og aðrir góðir menn taki sæti í kvannahlaupsnefnd.

Hann óskar Erling og Benedikt sértaklega til hamingju með heiðurfélaganafnbótina, og segir þá vel að þessu komna. Gunnar óskar félaginu til hamingju með afreksstarfið, þátttöku barna og unglinga, reksturinn og með það að vilja stækka. Styður vöxt Stjörnunnar, og telur hlutverk Stjörnunnar vera að vera leiðtogar á sviði íþróttá í Garðabæ. Talar um að auka áhrif Stjörnunnar á mótun samfélagsins með bænum, segir að Stjarnan leiki lykilhlutverk í bænum og lofar góðum samskiptum við bæjaryfirvöld í framtíðinni. Lýsir yfir stuðning



við innra og ytra starf Stjórnunna. Talar um að mannvirkjanefndin muni taka tillit til allra deilda í vinnu sinnu um ný mannvirki.

- Sigurður Bjarnason tekur til máls undir liðnum önnur mál, og kynnir tillögu um félagsgjöld sem eru framhald af síðasta ársfundi Stjórnunnar og gerir grein fyrir því að hann hyggist leggja fram eftirfarandi tillögu í aðalstjórn: Ég legg til tillögu til samþykktar í aðalstjórn um að lagt verði á félagsgjald að upphæð eitt þúsund krónur. Tveimur vikum fyrir aðalfund verður gjaldið fimm þúsund krónur.

Framkvæmdarstjóra verður svo falið að útfæra innheimtu gjaldsins.

Tekjur sem myndast af félagsgjöldum munu renna til viðhalds og endurnýjunar félagsaðstöðunnar sem við njótum hér í Stjórnheimilinu okkar.

- Jóhannes Egilsson framkvæmdarstjóri kynnir nýja heimasíðu, unnið hefur verið ótullega að uppsetningu síðunnar undanfarnar vikur. Verkefnið er unnið með Braga hjá Velgert.is Stefnt er að opnun heimasíðu á næstu vikum.
- Þorsteinn gjaldkeri lýsir yfir ánægju með vinnu við heimasíðu og ásýnd Stjórnunnar. Leggur til að allir leggist á eitt um ásýnd hvernig við kynnum viðburði innan Garðabæjar og vinnum með bæjaryfirvöldum af þeim málum og fyndum leið til að setja upp viðburðarskilti sem nýttist öllum þeim sem eru með viðburði innan bæjarfélagsins.
- Fundarstjóri fagnar tillögu Þorsteins.
- Baldur Svavarsson, tekur til máls og segir skemmtisögu um hvernig hann gerist félagi í Stjórnunni og óskar heiðursfélögum til hamingju.
- Fundarstjóri afhendir nýkjörnum formanni fundinn til slita.
- Formaður þakkar fundarmönnum fyrir góðan fund og slítur fundi kl. 18:50.

Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir fundarritari.



Aðalfundur UMF Stjörnunnar 2014

**Kjör aðalstjórnar**

**Formaður**

Jóhann Steinar Ingimundarson

**Stjórnarmenn**

Sigurður Bjarnason

Þorsteinn Þorbergsson

Viðar Erlingsson

Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir

**Varastjórn**

Victor Ingi Olsen

Ragnheiður Traustadóttir

**Endurskoðendur til eins árs**

Ómar Kristjánsson

**Varaendurskoðendur til eins árs**

Guðni Þór Gunnarsson

*Samb. Ís. Stjórnhjón*





Aðalfundur UMF Stjörnunnar 2014  
Tillaga til lagabreytinga

Aðalfundur UMF Stjörnunnar haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 6.  
maí ~~2013~~ samþykkir eftirfarandi breytingu á lögum félagsins.

2014

~~Fyrir~~

Við bætist ný 20. gr. og tölulíður síðari greina breytist til samræmis.

20. gr.

- Félagið skal setja á aðalfundi eða almennum félagsfundi reglur um úthlutun úr afrekssjóði sem kallast stofnskrá afrekssjóðs.
- Aðalstjórn skal setja sérstaka reglugerð um úthlutun úr afrekssjóði sem byggir á stofnskrá afrekssjóðs.

Greinargerð

~~Aðalstjórn félagsins hefur á undanförmum mánuðum unnið að smíði regluverks fyrir afrekssjóð félagsins. Regluverkið samanstendur af stofnskrá Afrekssjóðs sem verður lögð fyrir síðar á fundinum og reglugerð sem enn er í smíðum. Vinnan hefur verið kynnt á félagsráðsfundi.~~

~~Aðalstjórn UMF Stjörnunnar.~~

Aukin Meirihluti (2/3)

SAMT. SAMHLIÐAN  
ÁRMANI STOFNSKRÁ



# Afrekssjóður UMF Stjörnunnar

## Skipulagsskrá, útgáfa 4.0

### 1. grein - Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að styðja við afreksstarf deilda Stjörnunnar með því að veita þeim fjárhagslegan stuðning vegna tilkostnaðar við æfingar og keppni og búa þeim þannig sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.

### 2. grein - Stjórn sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skipuð þremur aðilum; formanni, varaformanni og gjaldkera aðalstjórnar.

Framkvæmdastjóri félagsins er starfsmaður sjóðsins. Formaður aðalstjórnar er jafnframt formaður afrekssjóðs. Starfstími sjóðsstjórnar er samhliða aðalfundum UMF Stjörnunnar.

Hlutverk sjóðsstjórnar er að ákvarða styrkveitingar sem grundvallast á skiptingu samkvæmt reglugerð um afrekssjóð. Jafnframt skal sjóðsstjórn hafa eftirlit með því að forsendur sem kunna að verða notaðar til úthlutunar séu samræmdar á milli deilda. Sjóðsstjórn tekur ákvörðun vegna erinda sem snúa að afrekssjóð og útdeilingu fjármagns á milli deilda.

### 3. grein - Varsla sjóðsins

Vörslu og reikningshald sjóðsins annast framkvæmdastjóri UMF Stjörnunnar. Fjárhagur sjóðsins skal aðskilinn frá rekstri aðalstjórnar og deilda. Endurskoðaða reikninga sjóðsins skal birta árlega á aðalfundi UMF Stjörnunnar.

### 4. grein – Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Árlegt framlag Garðabæjar til afreksstarfs skv. samningi þar að lútandi
- Framlag Stjörnunnar, ákvarðað af aðalstjórn UMF Stjörnunnar
- Frjáls framlög og söfnunarfé.
- Eiginfjárframlag sjóðsins

### 5. grein – Afrekshópar Stjörnunnar

Afrekshópur getur verið myndaður af einum eða fleiri einstaklingum sem keppa fyrir hönd félagsins í sinni íþróttagrein á efsta stigi samkvæmt skilgreiningu sérsambands. Aðalstjórn ákvarðar um hvaða hópar eða einstaklingar teljast vera afrekshópar eftir tilnefningu deilda.

### 6. grein – Reglur um úthlutun úr sjóðnum

Úthlutunum úr afrekssjóði er skipt eftirfarandi þrjá flokka:

A. flokkur. Styrkir vegna grunnkostnaðar (60% - 80% tekna sjóðsins)



Styrkjum vegna grunnkostnaðar er ætlað að stuðla að því að afrekshópar hjá Stjórnunni þurfi að ráðstafa sem minnstu af sínum kröftum í að fjármagna þann þátt íþróttastarfsins sem hlýst af grunnþátttöku í mótahaldi sérsambanda.

Til grunnkostnaðar teljast:

Kostnaður við mótahald, dómgæslu og ferðalög  
Búnaður, áhöld og keppnisbúningar  
Sjúkraþjálfun  
Hlutdeild í kostnaði vegna þjálfunar

#### B. flokkur. Hvatastyrkir (10% - 30% tekna sjóðsins)

Hvatastyrkir eru ætlaðir til að styðja við innleiðingu og viðhald á samræmdu vinnulagi félagsins sem og frumkvæði við tekjuöflun á kappleikjum afrekshópa með fjölgun greiðandi áhorfenda.

#### C. flokkur. Afreksstyrkir fyrir unnin afrek (10% -20% af tekjum sjóðsins)

Sjóðsstjórn getur getur ákveðið að styrkja afrekshópa félagsins með sérstökum fjárframlögum vegna unninna íþróttaafreka. Styrkjum þessum er ætlað að örva afreksstarf deildanna og verðlauna fyrir sérgreind afrek .

Þau íþróttaafrek á efsta stigi sem mögulegt er að verðlauna fyrir eru Íslands- og Bikarmeistararitlar sérsambanda í einstaklings- og hópgreinum.

Ef engin afrek hafa verið unnin á efsta stigi innan félagsins er sjóðsstjórn heimilt að auka hlutföll í a og b flokki innan ársins eða að leggja framlag ársins við höfuðstól sjóðsins til úthlutunar næstu ára.

Fjárhæðarmiðmið vegna afreksstyrks kunna að skerðast hlutfallslega ef framlag ársins til afreksstyrkja verða fullnýtt vegna mikils árangurs.

### 7. grein – Reglugerð um afrekssjóð

Aðalstjórn setur reglugerð um afrekssjóð sem tiltekur ítarlegri upplýsingar um úthlutun. Reglur um úthlutun skulu vera greinilegar og mælanlegar til að tryggja jafnrétti og gegnsæi. Þær gilda um næstlíðandi tímabil eftir að þær eru settar.

Við ákvörðun upphæða verður að taka tillit fjárhagsstöðu afrekssjóðs. Afreksstyrkir eru eingöngu greiddir til deilda til að styrkja starfið en ekki til leikmanna/iðkenda afrekshópsins.